



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu mánudaginn 29.05.2013 kl. 17:15

Mættir: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Þorsteinn Þorbergsson (ÞÞ), Sigurður Bjarnason (SB), Viðar Erlingsson (VE) og Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir (ÞBS). Ragnheiður Traustadóttir (RT) og Victor Ingi Olsen (VIO) boðuðu forföll. Auk þess sat Páll Grétarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð

1) Fundargerð síðasta fundar – samþykkt

2) Fundargerð aðalfundar 14.05.2013 – lögð fram

3) Skýrsla framkvæmdastjóra

- Stjörnuhlaupið 2013
- Nýr starfsmaður fimleikadeildar
- Ný stjórn fimleikadeildar - aðalstjórn staðfestir umboð hennar
- PG er ekki lengur formaður Skíðasambands Íslands

4) Verkaskipting stjórnar

Lögð fram tillaga að óbreyttri verkaskiptingu stjórnar. Sigurður Bjarnason varaformaður, Þorsteinn Þorbergsson gjaldkeri, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir ritari, Viðar Erlingsson meðstjórnandi. Tillagan var samþykkt samhljóða.

5) Starfsáætlun aðalstjórnar

Lögð fram tillaga að starfsáætlun aðalstjórnar fyrir nýhafið starfsár.

Aðalstjórnarfundir 29.05., 20.06., 27.08., 24.09., 25.10., 26.11., 17.12., 28.01., 11.02. og 25.02.

Félagsráðsfundir 13.06., 24.09., 17.12. og 11.02.

Aðalfundur UMF Stjörnunnar verði haldinn 27.02.2014.

Tillagan samþykkt samhljóða eftir umræður.

6) Stofnskrá afrekssjóðs og nauðsynlegar lagabreytingar

Stofnskrá Afrekssjóðs UMF Stjörnunnar ásamt nauðsynlegum lagabreytingum var kynnt á aðalfundi félagsins nýverið. Vegna mistaka í fundarboði reyndist ekki unnt að afgreiða málið á fundinum. Aðalstjórn samþykkir að boða til félagsfunda í júní til að ljúka verkefninu.

Framkvæmdastjóra er falið að auglýsa félagsfundi 13. og 20. júní kl. 19:00.

Fundarefni - Stofnskrá Afrekssjóðs UMF Stjörnunnar og nauðsynlegar breytingar á lögum félagsins því samfara.

20. gr. og töluliður síðari greina breytist til samræmis

Félagið skal setja á aðalfundi eða almennum félagsfundi reglur um úthlutun úr afrekssjóði sem kallast stofnskrá afrekssjóðs. Aðalstjórn skal setja sérstaka reglugerð um úthlutun úr afrekssjóði sem byggir á stofnskrá afrekssjóðs.

7) Heimasíða félagsins



Eftir umræður er málinu vísað til ritara aðalstjórnar til frekari úrvinnslu og tillögugerðar. Gert er ráð fyrir að taka málið upp aftur á aðalstjórnarfundum í lok ágúst.

8) Drög að 4 mánaða uppgjöri félagsins

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðunni. Rekstur félagsins í heild er í jafnvægi. Uppgjörinu vísað til framkvæmdastjóra og gjaldkera til frekari skoðunar með deildum.

9) Prókúra framkvæmdastjóra

Aðalstjórn endurnýjaði með undirritun sinni prókúruumboð framkvæmdastjóra.

10) Félagsgjöld UMF Stjörnunnar

Til umræðu var tillaga Sigurðar Bjarnasonar frá aðalfundinum varðandi innheimtu félagsgjalda. Tillögunni er vísað til flutningsmanns til frekari úrvinnslu.

11) Bréf Ríkisskattstjóra dags. 15.04.2013

Tilgangur bréfsins er að árétta tiltekin atriði varðandi skattskyldu íþróttafélaga og skerpa á þeim. Sérstaklega er fjallað um virðiskaukaskatt af auglýsingum auk þess sem fjallað er um greiðslur til leikmanna og þjálfara og muninn á launþegum og verktökum.

Aðalstjórn leggur ríka áherslu á að rekstur félagsins samræmist lögum og felur framkvæmdastjóra að fara yfir áréttingar þær sem tiltekna eru í bréfinu ásamt endurskoðanda félagsins og koma með tillögum að breyttu vinnulagi ef þörf er á.

12) Önnur mál

Engin.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:15 Ritað PGr